

Ég vil bjóða ykkur velkomin á þennan samráðsfund Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna og þakka þeim sem hann hafa undirbúið. Ég vona að þessi árlegi fundur sé kominn til að vera og verði áfram hreinskiptinn vettvangur samtals okkar.

Í ár eru liðin 15 ár frá því samþykkt voru á Alþingi skipulags- og byggingarlög sem gjörbreyttu öllu umhverfi skipulagsmála sveitarfélaga. Ef við tókum bara tvennt þá varð grundvallarbreyting á hlutverki og valdi sveitarstjórna og gera átti aðalskipulag fyrir allt land innan sveitarfélagsins en með sveitarstjórnarlögum frá 1998 hafði öllu landinu verið skipt á milli sveitarfélaga sem ekki var áður þegar byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög.

Í lögnum frá 97 sagði m.a. að „sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.“

Þá var líka ákveðið í nýju lögnum að það væri sveitarstjórn sem bæri ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og þegar sveitarstjórn hafi samþykkt tillögu að aðalskipulagi skuli sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu.

15. gr. skipulagslaganna sem voru að stofni til frá 1964 og féllu úr gildi 1. janúar 1998 lýsir hins vegar vel stöðunni eins og hún var áður en hún hljóðar svo:

„Þegar skipulagsstjórn hefur samþykkt tillögu að skipulagsuppdrætti, skal tillagan send viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn sína innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé settur. Ef umsögn berst ekki innan tiltekins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.“

Þetta ákvæði var í gildi til 1997.

Það eru sem sagt ekki nema 15 ár síðan þessi grundvallarbreyting var gerð. Ástæðan fyrir því að ég er að rifja þetta upp hér er sú að ef við horfum til baka þá er nánast með ólíkindum hversu miklar breytingar hafa orðið á skipulagsmálum sveitarfélaga á þessum tíma.

Það eru að verða til aðalskipulagsáætlanir fyrir allt land allra sveitarfélaga í landinu, það hefur fjölgað mikið í hópi þeirra sem eru með sérmenntun í skipulagsfræðum, áhugi sveitarstjórnarmanna hefur aukist mikið og gæði skipulagsáætlana hafa tekið stökkbreytingum.

Með nýju skipulagslögnum sem tóku gildi á síðasta ári komu svo aðrar nýjungar sem bættu um betur og svöruðu mikilli þörf fyrir samþættingu og yfirsýn. Landsskipulagsstefna var innleidd og er nú unnið að því hörðum höndum að setja saman á mettíma tillögu að landsskipulagsstefnu sem stefnt er að því að verði lögð fram á Alþingi sem þingsályktunartillaga um næstu áramót.

Hluti af vinnu við landsskipulagsstefnu er samning greinargerðar um stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum. Einar Jónsson, verkefnisstjóri landsskipulags hjá Skipulagsstofnun mun gera betur grein fyrir þessu verkefni hér á eftir, en það liggja nú fyrir fyrstu drög að þessari greinargerð þar sem búið er að vinna upp úr aðalskipulagsáætlunum allra sveitarfélaga gróft yfirlit yfir það hvert stefnir varðandi m.a. íbúðabyggð og frístundahúsabyggð og auðvitað margt annað..

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi greinargerð geti smám saman, eftir því sem upplýsingum er safnað saman, orðið sveitarfélögunum að mjög miklu gagni í skipulagsgerðinni. Þar verður hægt að sjá samanburðartölur, hvað er sameiginlegt og almennt og hvað er sértækt í stefnumörkun sveitarfélaganna, hvernig er stefnan rökstudd og hver eru áhrifin talin verða. Tenging þessara upplýsinga við Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar, þar sem hægt er að nálgast greinargerðir og uppdrætti verður mikilvægur skipulagsgagnabrunnur.

Þetta verður auðvitað ekki fullbúið verkfæri í fyrstu atrennu, en betra og betra eftir því sem árin líða, því þótt landsskipulagsstefnan verði samþykkt sem þingsályktun heldur áfram vinnan við þetta yfirlit.

Lengst af framan af, eftir lagabreytinguna 1997, gerðist ekki margt varðandi yfirfærslu skipulagsvaldsins frá ríki til sveitarfélaga en smám saman nú á síðari árum hafa verið að koma upp mál þar sem aðilar eru ekki alveg að koma sér saman um hlutina. Það á ekki síst við um deilur sveitarfélaga á norðvesturlandi um legu hringvegarins, sem innanríkisráðherra hefur reyndar leyst við lítinn fögnuð Vegagerðarinnar. Einnig hefur verið að koma upp ágreiningur milli Landsnets, sem reyndar hlutafélag, og sveitarfélaga á suðvesturlandi og e.t.v. víðar varðandi legu háspennulína í tvívídd og þrívídd.

Þá á eftir að koma í ljós hvernig Rammaáætlun verður landað, hvernig sveitarfélögin munu bregðast við henni og hvernig hún skilar sér í aðalskipulag sveitarfélaganna.

Mér finnst ekki ólíklegt að ágreiningsmálum milli ríkis og sveitarfélaga í skipulagsmálum eigi eftir að fjölga ef ekki verður breyting á samskiptum eða öllu heldur samskiptaformi þessara tveggja turna. Ég vona auðvitað að samþættingarhugsun og samræmingarvinkill landsskipulagsins geti komið þar að liði – en geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að miklu meira þarf til.

Það eru líka breytingar í farvatninu varðandi lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það eru bráðum 20 ár frá því fyrstu lögum um mat á umhverfisáhrifum voru samþykkt á Alþingi. Lögum hafa og hafa haft mikil áhrif og framkvæmdaaðilar hafa kostað miklu til.

Mér telst til að úrskurðir samkvæmt fyrri lögum hafi verið 176 á 12 árum og álitin 50 á 7 árum. Á fyrstu árunum voru úrskurðirnir allt að 21 á ári en að meðaltali 15 en frá 2005 hafa álitin verið að meðtali 7 á ári.

Það hefur gengið á ýmsu í þessa tæpa tvo áratugi. Ýmsir vildu meina að „lögformlegt umhverfismat“ myndi leysa öll mál og ekki þyrfti að ræða málin frekar. Aðrir vildu meina að þetta væri skrifstofuræði af versta tagi sem myndi bara auka kostnaðinn og tefja framkvæmdir. Nýlega spunnust svo miklar umræður um sameiginlegt mat – kosti þess og galla án þess að ég ætli að fara hér yfir þau mál nema til að nefna nauðsyn þess að tengja betur saman og samræma matið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulagsgerðina og umhverfismat skipulagsáætlana.

Nú stendur til að breyta lögum og er tilefnið athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA við innleiðingu Íslands á einstökum ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins. Athugasemdirnar varða aðallega viðmið sem koma fram í 2. viðauka laganna og talið nauðsynlegt að bæta við framkvæmdum sem fallið hafa utan viðmiðunarmarka laganna. Í stað þess að vera með viðauka 1 og viðauka 2 verður einn viðauki sem skiptist í A, B og C. A verður þá í aðalatriðum núverandi viðauki 1, B verður viðauki 2 og C eru þá framkvæmdir sem ólíklegast er að háðar verði mati á umhverfisáhrifum.

Það er af ýmsu að taka og ég er ekki frá því að farið sé að vora í skipulagsmálum.

Dagskráin verður þannig að:

- Landsskipulagsstefna, staða skipulagsmála  
Einar Jónsson, Skipulagsstofnun
- „Veðjað á vöxt“ – byggðapróun á stór-höfuðborgarsvæðinu  
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, Háskólanum í Reykjavík
- Viðfangsefni skipulags og landnotkunarflokkar  
Hafdís Hafliðadóttir, Skipulagsstofnun
- Þróun mannfjölda, íbúða, orkunotkun og skipulag  
Björn Marteinnsson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Kaffihlé um kl. 15:00

- Deiliskipulag og bótaskylda sveitarfélaga  
Trausti Fannar Valsson, Háskóli Íslands
- Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum  
Rut Kristinsdóttir, Skipulagsstofnun
- Útgáfa framkvæmdaleyfa með hliðsjón af lagabreytingum  
Erna Hrönn Geirsdóttir, Skipulagsstofnun